

Eineltisáætlun Tröllaborgar

Yfirlýsing

Einelti líðst ekki í Tröllaborg og það á við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Allir eiga rétt á að komið sé fram við það af virðingu og umhyggju. Sveitarfélagið tekur skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til leikskólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns. Ef ekkert af þessu virkar er hægt að tilkynna beint til mannauðsstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Starfsfólk skal sýna umhyggju, virðingu og jákvæðni og hafa framsækni að leiðarljósi í daglegu starfi og sýna siðferðislega ábyrgð í samskiptum við samstarfsfólk.

Í vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er getið um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Undir þessa skilgreiningu laganna fellur einelti.

- Einelti er samskiptavandi, síendurtekið andlegt eða líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Gerandi er einstaklingur eða hópur og stundum áttar viðkomandi sig ekki á því að um einelti er að ræða. Í öðrum tilvikum getur einelti verið af ásettu ráði og þá oft vegna þess að gerandanum sjálfum líður illa.
- Einelti getur einnig verið að finna í vinnuskipulagi leikskólans. Einelti gerir lífið á vinnustaðnum illþolanlegt eða óbærilegt fyrir starfsmanninn, dregur úr starfsorku og hefur slæm áhrif á starfsandann.
- Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, öryggisvarðar eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar aðstoða starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir.

Nánari upplýsingar er hægt að finna í *Stefnu og viðbragðsáætlun Skagafjarðar gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni*, [hér](#).

Forvörn

Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn einelti með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti. Öll áhersla á vináttu og vinatengsl er mikilvæg. Þá er áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar barns mikil forvörn því ef barnið hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í eða verður vitni að einelti.

Hlutverk starfsmanna sem fyrirmynd skiptir öllu máli, bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við einelti. Starfsmenn skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum barnanna því einelti byrjar oft í smáum og duldum atvikum sem geta vaxið ef ekki er brugðist fljótt við þeim.

Markmið með forvarnastefnu Tröllaborgar

- Starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.
- Starfsmenn kunni að uppræta eða vinna með eineltismál, ef þau koma upp.
- Vinna skal eftir ákveðnu ferli við úrlausn eineltismála.
- Vinna skal eftir áætlun sem allir starfsmenn þekkja og unnið er eftir ef einelti kemur upp.

Hvert mál er einstakt og unnið er samkvæmt því.

Einelti getur verið þegar:

- Þegar barn eða börn leggja barn í einelti.
- Starfsmaður leggur barn í einelti.
- Foreldrar (og þeirra barn) leggja barn í einelti.
- Starfsmaður/starfsmenn leggja starfsmenn í einelti.

- Foreldrar eða aðrir utanaðkomandi leggja starfsmann í einelti.

Áætlun við úrlausn eineltismála:

- Starfsmenn ræði einkenni ef þau koma upp og viðurkenni einelti.
- Allir starfsmenn eiga að bregðast við ef þeir fá minnsta grun um að einelti eigi sér stað í leikskólanum.
- Ef um einelti er að ræða tekur ákveðinn starfsmaður málið að sér, safnar upplýsingum og heldur utan um þær.
- Starfsmaðurinn greinir eineltismálið og skráning gegnir þar lykilhlutverki þ.e. hver er gerandi, tíðni, við hvaða aðstæður á eineltið sér stað, hvernig birtist það og svo framvegis. Betra er að skrá meira en minna.
- Að skráningum loknum koma starfsmenn sér saman um ákveðin viðbrögð eftir aðstæðum hverju sinni.
- Mikilvægt er að taka á málum beggja aðila, geranda og þolanda.
- Við úrlausn í málefnum barna er nauðsynlegt að haft sé gott og opið samstarf við foreldra.
- Nauðsynlegt er að greina með skráningum hvort eineltið hafi verið upprætt.
- Nauðsynlegt er að meta árangur á upprætingu eineltis með skráningu.

Hvert mál er einstakt og unnið er samkvæmt því. Stuðst er við áður nefnda stefnu í vinnslu og úrlausnum mála, sjá [hér](#).

Námsefni - Vinátta

Við vinnum með verkefni sem heitir *Vinátta* og er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla og dagforeldrum. *Vinátta* byggist á fjórum grunngildum: Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.

Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök

Eineltisáætlun 2024



Leikskólinn Tröllaborg

áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.